

Sp.

1038. Nefndarálit

[222. mál]

um till. til þál. um eflingu atvinnulífs með stuðningi við stofnun og rekstur smáfyrirtækja.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Landssambandi iðnaðarmanna, Iðntæknistofnun Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar tekur undir það meginsjónarmið sem fram kemur í tillögunni að efla þurfi atvinnulíf með stuðningi við stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Almenn rekstrar-skilyrði atvinnuveganna skipta miklu fyrir möguleika samtaka og einstaklinga til að reka fyrirtæki. Ýmis óbein aðstoð af hálfu hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, getur og stuðlað að stofnun og rekstri fyrirtækja. Slík aðstoð hefur verið veitt með skipulegum hætti. Tillaga þessi felur ekki í sér neitt nýtt sem skipt getur sköpum í þessu efni og meiri hl. nefndarinnar leggur því til að tillagan verði afgreidd með svohljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess að ríkisstjórnin hafi uppi markvissar aðgerðir til eflingar íslensku atvinnulífi, þ. á m. til stofnunar og rekstrar smáfyrirtækja, sér Alþingi ekki ástæðu til sérstakrar ályktunar um þetta mál og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. maí 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
form., frsm.

Björn Dagbjartsson.

Pórarinn Sigurjónsson.

Eggert Haukdal.

Garðar Sigurðsson.